

Nr. 14/1992.

Miðvikudaginn 20. janúar 1993.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Sjúkraliðafélagi Íslands

(Gestur Jónsson hrl.)

Ólögmat vinnustöðvun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Jónas Gústavsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Valtýr Sigurðsson

Málið, sem dómtekið var 12. janúar sl., að loknum málflutningi um efnishlið, var höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 3. desember og þingfestri 4. desember sl.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Stefndi er Sjúkraliðafélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7.30 og sem lauk hinn 3. desember kl. 8.00, sé ólögmat aðgerð, sem brjóti í bága við ákvæði um verkföll í 14.-21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda voru upphaflega þessar:

Aðallega er þess krafist að málinu verði vísað frá dómi.

Til vara krefst stefndi sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi krefst málskostnaðar að mati Félagsdóms.

Með úrskurði Félagsdóms uppkveðnum 15. desember 1992 var hafnað frávísunarkröfu stefnda. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 7. janúar 1993.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að Sjúkraliðafélagi Íslands hafi verið breytt í stéttarfélag árið 1990. Það sé nú bæði fagfélag og stéttarfélag, en hafi áður einungis verið fagfélag.

Fram til september 1990 hafi sjúkraliðar verið í ýmsum stéttarfélögum, s.s. Starfsmannafélagi ríkisstofnana og ýmsum bæjarstarfsmannafélögum. Flestir hafi þá gengið í Sjúkraliðafélag Íslands þó fáeinir hafi ekki breytt félagsaðild sinni.

Kjarasamningar eldri stéttarfélaga félagsmanna stefnda hafi ekki orðið lausir fyrr en 1. september 1991. Fyrst eftir þann tíma hafi Sjúkraliðafélag Íslands því öðlast samningsrétt fyrir þessa félagsmenn sína, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fyrsti samningafundur samninganefndar ríkisins annars vegar og stjórnar Sjúkraliðafélags Íslands hafi verið haldinn 17. október 1991. Frá þeim tíma hafi verið haldnir fundir af og til án þess að kjarasamningur hafi náðst. Í lok apríl 1992 hafi flest önnur stéttarfélög sem stefnandi semji við samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Tók hún gildi sem kjarasamningur þeirra 1. maí sl. Strax í kjölfarið hafi stefnandi boðið stefnda kjarasamning, er fæli í sér sömu kjarabætur og önnur stéttarfélög höfðu samþykkt. Því hafi stefndi hafnað.

Kjaradeilu aðila hafi síðan verið vísað til ríkissáttasemjara 19. nóvember 1992 að ósk stefnda. Allnokkrir fundir hafi verið haldnir með deiluaðilum að tilhlutan sáttasemjara og sá síðasti hinn 30. nóvember sl. Sá fundur hafi hafist kl. 16:00 og staðið til kl. 6:00 að morgni 1. desember sl.

Á fundi hjá ríkissáttasemjara hinn 23. nóvember 1992 hafi Sjúkraliðafélag Íslands lagt fram ályktun trúnaðarmanna félagsins, sem samþykkt hafði verið á fundi þeirra þann dag. Í ályktuninni sé mót-mælt drætti, sem orðið hafi á gerð kjarasamnings fyrir sjúkraliða. Í niðurlagi ályktunarinnar komi fram, að trúnaðarmenn félagsins „leggja til, að viðsemjendum félagsins og sáttasemjara ríkisins verði gerð grein fyrir þeirri ákvörðun sjúkraliða að þeir muni grípa til aðgerða sem dugi til að knýja viðsemjendur félagsins til að ganga frá kjarasamningi.“

Hinn 28. nóvember 1992 hafi trúnaðarráð Sjúkraliðafélags Íslands ritað bréf til forstöðumanna og hjúkrunarstjórnar Ríkisspítalanna

og fleiri sjúkrahúsa. Í upphafi bréfsins segi, að forysta Sjúkraliðafélags Íslands hafi undanfarna 15 mánuði leitað árangurslaust eftir kjarasamningum fyrir stéttina. Krafan hafi verið að sjúkraliðar nyttu sömu og ekki lakari kjara en samið hafi verið um á sl. vori, þ.e. 1,7% hækkun launa frá 1. maí og 8.000 kr. orlofsauka. Telji sjúkraliðar sig eiga bæði siðferðilega og lagalega kröfu til þeirra kjara-bóta. Síðar í bréfinu komi fram, að almennur fundur sjúkraliða haldinn 28. nóvember 1992 hafi samþykkt að fela trúnaðarmannaráði félagsins „að boða til almenns fundar með starfandi sjúkraliðum eigi síðar en þriðjudag 1. desember, þar sem staða mála yrði rædd. Ákveðið er að fundurinn hefjist kl. 07:30 og standi ótímabundið þar til sameiginleg niðurstaða fæst.“

Í niðurlagi bréfsins sé rætt um réttindi „sjúkraliða til að leggja niður vinnu vegna vangoldinna launa.“ Í framhaldi af því segi, að trúnaðarráð sjúkraliða vilji með bréfinu koma á framfæri þeirri ákvörðun sjúkraliða að funda um sín mál og að þeir muni af þeim sökum vera fjarverandi frá störfum þar til fundi lýkur.

Bréf þetta hafi borist Ríkisspítölunum hinn 30. nóvember og afhent ríkissáttasemjara áður en fundur samningsaðila hófst þann dag. Bréf þetta hafi stefndi hins vegar ekki afhent stefnanda né samninganefnd hans.

Eftir að fundi aðila að morgni 1. desember hafi lokið, hafi samninganefnd stefnanda sent frá sér fréttatilkynningu, þar sem lýst sé þeirri afstöðu stefnanda til tilkynningar trúnaðarráðs Sjúkraliðafélags Íslands, um að sjúkraliðar hygðust leggja niður störf um ótiltekinn tíma frá 1. desember, að slík aðgerð fæli í sér ólögmeta vinnustöðvun.

Hinn 1. desember kl. 7:30 hafi síðan hafist sá kjaramálafundur sjúkraliða, sem ákveðið var að boða til með áður nefndu bréfi dags. 28. nóvember sl. Sá fundur hafi staðið óslitið til 3. desember kl. 8:00. Hafi þessi aðgerð þeirra tekið til Landsspítalans, Kleppsspítala, Vífilsstaðaspítala, Kópavogshælis og heilsugæslustöðva í Reykjavík. Sjúkraliðar á þessum stofnunum hafi almennt ekki mætt til vinnu sinnar þann tíma, en setið fundinn eftir því sem vaktir þeirra sögðu til um í stað þess að mæta til vinnu. Þessi fundur hafi eftir því sem best sé vitað staðið daga og nætur þannig, að þeir sem hafi átt að vera í vinnu hafi setið fundinn hverju sinni. Eftir að

sjúkraliðar hafi snúið aftur til vinnu hafi ríkissáttasemjari boðað aðila til fundar hinn 3. desember kl. 14:00.

Stefnandi kveðst reisa málatilbúnað sinn á því, að umræddir starfsmenn, sem eru félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands, hafi með samstöðu og eftir hvatningu frá stefnda, sammælt um að leggja niður störf með setu á kjaramálafrundi í því skyni að knýja fram kjarasamning um breytt launakjör. Hér sé um að ræða samstöðu þeirra og samræmda aðgerð um vinnustöðvun að tilhlutan félagsins, sem standi fyrir skipulagningu og framkvæmd hennar. Í III. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna séu settar reglur um það með hvaða hætti heimilt sé að vinna að lausn kjaradeilu með vinnustöðvun. Við undirbúning og framkvæmd þessarar vinnustöðvunar hafi hins vegar ekki verið fylgt þeim reglum, er mæla fyrir um hvernig staðið skuli að löglegri vinnustöðvun til að stuðla að framgangi krafna í deilu um kjarasamning skv. 14. gr. laganna. Vinnustöðvun sjúkraliðanna hafi vegna þeirrar samstöðu um þá aðgerð falið í sér verkfall eða aðgerð, sem jafna megi til verkfalls sem hafi ekki getað opnað þeim aðra leið til að fara í vinnustöðvun en þá, sem lögtekin sé í III. kafla laganna. Stefnandi kveður vinnustöðvunina ólögsmæta með því ákvörðun um hana, boðun hennar og framkvæmd hafi brotið í bága við ákvæði 14.–21. gr. laganna.

Stefnandi kveðst byggja málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

II

Stefndi lýsir málavöxtum þannig, að kjaradeila hafi verið milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sjúkraliðafélags Íslands f.h. félagsmanna sinna sem starfi hjá stefnanda. Erfiðlega hafi gengið að ná samningum og hafi af þeirri ástæðu verið mikil og almenn óánægja meðal sjúkraliða. Hafi þeir haldið fundi dagana 1. til 3. desember sl. um stöðu mála og hafi þeir sjúkraliðar sem á fundunum voru ekki mætt til vinnu meðan þeir stóðu yfir. Ákvarðanir um fundi þessa hafi ekki verið teknar af stéttarfélaginu né neinum þeim aðila sem félagið beri ábyrgð á, heldur hafi fundirnir verið afsprengi óánægju almennra félagsmanna. Það hafi verið almennur fundur sjúkraliða, sem haldinn var 28. nóv. 1992, sem samþykkt hafi að fela trúnaðarmannaráði félagsins að boða til almenns fundar með starf-

andi sjúkraliðum eigi síðar en þriðjudag 1. desember. Stefndi tekur fram, að hinn almenni fundur sjúkraliða hafi ekki verið á vegum Sjúkraliðafélags Íslands og hafi ákvarðanir, sem þar voru teknar, því ekki verið ákvarðanir félagsins. Þá tekur stefndi fram, að ekkert trúnaðarmannaráð sé til innan Sjúkraliðafélags Íslands.

Stefndi kveður ágreining vera við stefnanda um málavaxtalýsingu í stefnu, en hefur enga grein gert fyrir því um hvaða atriði málavaxtalýsingar stefnanda er ágreiningur.

Stefndi mótmælir því að Sjúkraliðafélag Íslands, sem sé stéttarfélag í skilningi laga 94/1986, hafi staðið að þeirri „vinnustöðvun“, sem stefnandi lýsi í kröfugerð sinni. Því geti ekki verið rétt að stefna félaginu til þess að þola dóm um meint ólögmæti „vinnustöðvunarinnar“. Leiði aðildarskorturinn til sýknu.

Lögð hafi verið fram í málinu lög Sjúkraliðafélags Íslands og komi fram í lögnum með hverjum hætti sé hægt að taka ákvarðanir í nafni félagsins. Hvorki stjórn félagsins, kjaramálanefnd né fulltrúaping, né nokkur annar aðili innan félagsins eða á vegum þess, hafi tekið ákvörðun um þær aðgerðir sem stefnandi telji ólögmætar. Aðrir aðilar geti ekki tekið ákvarðanir í nafni félagsins. Þegar af þeirri ástæðu eigi félagið ekki að þola dóm. Það hafi verið félagsmenn í Sjúkraliðafélags Íslands, sem hafi staðið að og tekið þátt í aðgerðunum, en ekki félagið sjálft, og beri félagið enga ábyrgð á þeim, heldur viðkomandi einstaklingar.

Kröfu sína um málskostnað byggir stefndi á 130. gr. laga 91/1991.

III

Stefndi í máli þessu byggir vörn sína alfarið á því að Sjúkraliðafélag Íslands sé ekki aðili að málinu.

Fundur trúnaðarmanna Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn 23. nóvember 1992. Á fundi þessum var samþykkt harðorð ályktun um gang kjarasamninga sjúkraliða. Í lok ályktunarinnar segir: „Trúnaðarmenn SLFÍ leggja til, að viðsemjendum félagsins og sáttasemjara ríkisins verði gerð grein fyrir þeirri ákvörðun sjúkraliða að þeir muni grípa til aðgerða sem dugi til að knýja viðsemjendur félagsins til að ganga frá kjarasamningi.“ Ályktun þessa, sem rituð er á bréfs efni Sjúkraliðafélags Íslands, mun félagið hafa lagt fram á fundi hjá ríkissáttasemjara sama dag.

Almennur fundur sjúkraliða var haldinn 28. nóvember 1992 og

var þar samþykkt að fela trúnaðarmannaráði félagsins að boða til almenns fundar með starfandi sjúkraliðum eigi síðar en 1. desember s.á. Ekki er upplýst í málinu að hvers frumkvæði fundur þessi var boðaður, en sama dag sendi svokallað Trúnaðarráð SLFÍ forstöðumönnum og hjúkrunarstjórn Ríkisspítalanna, Borgarspítalans, Landakotsspítala og annarra þjónustudeilda á vegum sömu rekstraraðila bréf, þar sem kynntar eru ályktanir trúnaðarmannanna frá 23. nóvember og almenna fundarins frá 28. nóvember.

Í niðurlagi bréfsins segir m.a.: „Trúnaðarráð sjúkraliða vill með bréfinu koma á framfæri þeirri ákvörðun sjúkraliða að funda um sín mál og munu af þeim sökum vera fjarverandi frá störfum þar til fundi lýkur.“ Bréfið mun hafa verið afhent ríkissáttasemjara áður en samningafundur aðila hófst hinn 30. nóvember.

Stefndi fullyrðir í greinargerð sinni að ekkert trúnaðarmannaráð sé til innan Sjúkraliðafélags Íslands, en ekkert er upplýst í málinu um svokallað Trúnaðarráð SLFÍ.

Ljóst er af framansögðu, að hið stefnda félag hefur haft veruleg afskipti af aðgerðum þeim sem mál þetta er sprottið af, en ekki verður hins vegar ráðið af gögnum málsins, að félagið hafi andmælt aðgerðum félagsmanna eða skorað á þá að gegna vinnuskyldu sinni. Verður því að telja að kröfum stefnanda sé réttilega beint að félaginu og að hafna beri sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts.

Ljóst er að markmið og tilgangur aðgerða félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands dagana 1. til 3. desember sl. var að knýja viðsemjendur þeirra til að ganga frá kjarasamningi. Verður að telja aðgerðir þessar ólögmetta vinnustöðvun, sem brjóti í bága við ákvæði III. kafla laga 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt framansögðu er dómkrafa stefnanda tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Vinnustöðvun félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands er starfa hjá Ríkisspítölum og á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, er hófst með setu á kjaramálafundi hinn 1. desember 1992 kl. 7:30 og sem lauk hinn 3. desember kl. 8:00, er ólögmet aðgerð,

sem brýtur í bága við ákvæði um verkföll í 14.–21. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Málskostnaður fellur niður.

á

ð

n

il

ir

ið

u

u-

ki

d-

du

nt

ar-

ra-

nj-

rð-

III.

na,

nu.

er

vík,

kl.

erð,